

Miðvikudaginn 9. febrúar 1966.

Nr. 207/1964. **Eliás Hannesson** (Páll S. Pálsson hrl)

gegn

Loftleiðum h/f og gagnsök

(Guðmundur Vilhjálmsson hdl.).

Dóminn skipuðu hinir reglulegu dómarrar Hæstaréttar.

Ómerking og heimvísun.

Dómur Hæstaréttar.

Aðaláfrýjandi hefur skotið máli þessu til Hæstaréttar með stefnu 19. desember 1964 og krafizt þess, að gagnáfrýjanda verði dæmt að greiða honum kr. 42.950.00 ásamt 8% ársvöxtum frá 28. nóvember 1962 til greiðsludags og málskostnað i héraði og fyrir Hæstarétti.

Gagnáfrýjandi hefur áfrýjað málinu af sinni hendi með stefnu 26. febrúar 1965. Krefst hann sýknu af kröfum aðaláfrýjanda og málskostnaðar úr hendi hans bæði i héraði og fyrir Hæstarétti.

I máli þessu er deilt um ábyrgð farmflytjanda i loftflutningum á farmi og skilning á ákvæðum flugfarmbréfs. Samkvæmt eðli málsins og lögjöfnun frá 1. tl. 200. gr. laga nr. 85/1936 átti sjó- og verzlunardómur að fara með mál þetta og dæma það. Héraðsdómara bar þess vegna að kveðja til samdómsmenn samkvæmt 201. gr. sömu laga þegar eftir þingfestingu málsins. Þar sem dómari gerði það ekki, verður að ómerkja héraðsdóminn og meðferð málsins i héraði frá þingfestingu þess 26. september 1963.

Rétt þykir, að málskostnaður fyrir Hæstarétti falli niður.

Dómsorð:

Hinn áfýjaði dómur og meðferð málsins i héraði frá þingfestingu þess 26. september 1963 eiga að vera ómerk, og er málinu vísað heim i hérað til löglegrar meðferðar og dómsálagningar af nýju.

Málskostnaður fyrir Hæstarétti fellur niður.

Dómur bæjarþings Reykjavíkur 30. nóvember 1964.

Mál þetta, sem tekið var til dóms hinn 10. þ. m., hefur Elías Hannesson, Flókagötu 45, hér í borg, höfðað fyrir bæjarþingi Reykjavíkur með stefnu, útgefinni hinn 16. september 1963, á hendur Loftleiðum h/f til greiðslu á skuld að fjárhæð kr. 42.950.00 ásamt 8% ársvöxtum frá 28. nóvember 1962 til greiðsludags og málskostnaði að skaðlausu.

Stefndi hefur krafizt sýknu af kröfum stefnanda og málskostnaðar úr hendi hans, en til vara, að fjárhæð dómkröfu stefnanda verði stórlega lækkuð.

Málavextir eru þeir, að stefnandi var fenginn til að taka myndir á tízkusýningu, sem haldin var hér í bænum í nóvembermánuði árið 1962, m. a. fyrir milligöngu heildverzlunar Árna Jónssonar. Á tízkusýningu þessari voru einnig kynntar framleiðsluvörur fyrirtækisins Clairol í New York, sem heildverzlun Árna Jónssonar hefur umboð fyrir. Er stefnandi hafði lokið við að vinna myndir þær, sem hann hafði tekið á tízkusýningunni, en þær voru litmyndir, krafði hann heildverzlun Árna Jónssonar um greiðslu fyrir verkið. Er greiðslan fékkst ekki, ákvað stefnandi að senda myndirnar sem loftflutning með flugvél stefnda til fyrirtækisins Clairol í New York. Samkvæmt sérstökum fyrirmælum í flugfarmskírteini því, sem gefið var út í sambandi við sendinguna, skyldi hún ekki afhent viðtakanda nema gegn afhendingu á eintaki flugfarmskírteinisins nr. 2, en það hafði stefnandi sent banka einum í New York fyrir milligöngu Landsbanka Íslands ásamt innheimtu á andvirði sendingarinnar, \$ 1.008.47. Það tókst nú svo til, að sendingin var afhent fyrirtækinu Clairol hinn 22. desember 1962, án þess að framvísað væri eintaki af flugfarmskírteininu, eins og áskilið hafði verið. Neitaði fyrirtækið síðan að greiða kröfuna í bankanum í New York og taldi heildverzlun Árna Jónssonar eiga að greiða hana. Stefnandi telur stefnda bera ábyrgð á tjóni því, sem hann hafi orðið fyrir, sökum þess að brotið var í bága við fyrirmælin í flugfarmskírteininu, og telur hann tjónið nema hinn umstefndu fjárhæð.

Stefnandi hefur skýrt svo frá, að í nóvembermánuði 1962 hafi Sigurður nokkur Jónsson spurzt fyrir um það, hvort hann vildi taka að sér myndatöku á tízkusýningu í veitingahúsinu Lido fyrir Heildverzlun Árna Jónssonar á vegum hárlitunarfyrirtækisins Clairol í New York. Var óskað eftir, að myndirnar væru

litmyndir. Kveður stefnandi Sigurð hafa beðið sig um að hafa samband við starfsstúlku Heildverzlunar Árna Jónssonar varðandi frekari framgang málsins. Þetta kveðst stefnandi hafa gert og þá hafa staðfest, að hann gæti tekið að sér verkið. Er stefnandi kom nú í veitingahúsið, kveðst hann fyrst hafa átt tal við amerískan mann að nafni Hurbeck, sem sér hafi verið vísað til, og spurt hann um tilhögun myndatökunnar. Kveðst stefnandi hafa tekið fram, að betra væri að taka myndirnar í kyrrstöðu en á hreyfingu, ef fram ætti að fá háralit sýningarstúlkanna. Kveður stefnandi Hurbeck hafa óskað eftir því, að hann tæki myndirnar á hreyfingu og eins mikið af þeim og hann gæti. Eftir að tízkusýningin var um garð gengin, kveðst stefnandi hafa snúið sér til Hurbecks og spurzt fyrir um, hvaða stærð af myndum hann vildi fá. Kveðst stefnandi hafa reiknað með um 60 myndum. Hann kveður Hurbeck hafa svarað: „Ég vil fá 1 18×24 af hverri.“ Stefnandi kveðst einnig hafa spurt Árna Jónsson, hvort hann vildi ekki einnig eitt eintak af hverri mynd og hafi Árne svarað því játandi. Ekki kveður stefnandi hafa verið spurt um verð, enda að sjálfsögðu reiknað með verði samkvæmt gjaldskrá ljósmyndara, en samkvæmt því sé verð á litljósmynd af stærðinni 18×24 cm. kr. 750.00 fyrir fyrstu myndina, en verð á eftirpöntun af fyrstu mynd sé kr. 550.00, og ef pantaðar séu þrjár myndir eða fleiri, sé verðið kr. 450.00. Stefnandi kveðst nú eftir nokkurn tíma hafa farið með 101 mynd af fyrstu mynd til Árna Jónssonar og hafi honum litizt vel á sumar þeirra, en aðrar hafi hann ekki talið eins góðar. Einnig kveður hann Árna hafa fundizt reikningurinn fyrir myndirnar nokkuð hár. Kveður stefnandi Árna hafa sagt, að hann gæti ekki greitt þetta fyrir en nokkrum dögum seinna, en þrátt fyrir endurtekin loforð hafi ekki verið staðið við þetta.

Um miðjan desembermánuð kveðst stefnandi hafa farið á fund Árna til að krefja hann um greiðslu, en þá hafi Árne viljað taka út myndir, sem honum hafi ekki þótt nógu góðar, og hafi hann sagt, að þær ætti fyrirtækið Clairol að greiða. Stefnandi kveðst nú hafa sagt Árna, að hann mundi reyna að senda allar myndirnar í kröfu til fyrirtækisins Clairol, án þess þó að í þessu fælist, að hann undanþægi Árna greiðsluskyldu. Stefnandi sendi nú myndirnar með fluvél stefnda til fyrirtækisins Clairol. Samkvæmt flugfarmskírteini, sem gefið var út af stefnda í þremur tölusettum eintökum, tók hann að sér að flytja myndirnar til New York, og er fyrirtækið Clairol skráð viðtakandi vörunnar.

Samkvæmt fyrirmælum, sem skráð eru á farmskírteinið, skyldu myndirnar aðeins afhentar gegn framvísun eintaks þess, sem merkt var nr. 2, en það hafði stefnandi sent fyrir milligöngu Landsbanka Íslands ásamt innheimtu á kröfunni til banka í New York. Þrátt fyrir fyrirmælin á farmskírteininu voru myndirnar afhentar fyrirtækinu Clairol, án þess að eintaki nr. 2 af farmskírteininu væri framvísað. Samkvæmt upplýsingum banka þess, sem hafði með höndum innheimtu kröfu stefnanda í New York, neitaði fyrirtækið Clairol að greiða kröfuna á þeim grundvelli, að hún ætti að greiðast af fyrrgreindum Árna Jónssyni. Með bréfi, dags. hinn 16. júlí 1963, var stefndi krafinn um verð myndanna, stefnufjárhæðina í máli þessu, en þeirri kröfu var synjað af stefnda. Með bréfi, dags. hinn 13. ágúst 1963, sem birt var stefnanda með stefnuvottum, sendi stefndi stefnanda 56 af myndum þeim, sem félagið hafði tekið til flutnings af stefnanda. Stefnandi neitaði að veita myndunum viðtöku. Hafa myndir þessar síðan verið lagðar fram í málinu. Við munnlegan flutning málsins voru af hálfu stefnda lagðar fram 44 af myndum þeim, sem hann hafði tekið til flutnings af stefnanda.

Í málinu liggur frammi reikningur á hendur Heildverzlun Árna Jónssonar, og verður að telja, að þar komi fram verðlagning mynda þeirra, sem í sendingunni voru. Er verð 51 myndar kr. 22.950.00, eða kr. 450.00 hver mynd, og verð 50 mynda kr. 20.000.00, eða kr. 400.00 hver mynd.

Kröfur stefnanda eru á því byggðar, að er stefndi hafi tekið að sér flutning umræddra mynda, hafi hann gengið undir fyrirmæli, sem skráð voru á farmskírteinið, að myndirnar skyldu aðeins afhentar gegn framvísun samrits farmskírteinisins, sem viðtakandinn hafi fyrst getað fengið í hendur, er hann hefði greitt andvirði sendingarinnar í banka. Þessi fyrirmæli hafi stefndi brotið, þar sem sendingin hafi verið afhent viðtakanda, án þess að þessu eintaki farmskírteinisins væri framvísað og án þess að krafan væri greidd. Er því haldið fram, að vegna þessara mistaka starfsmanna stefnda, sem viðurkennd séu af honum, beri hann gagnvart stefnanda ábyrgð á andvirði sendingarinnar. Er á því byggt, að svo beri að líta á gagnvart stefnanda sem sendingin hafi glatazt alveg, því að fyrirtækið Clairol hafi haft myndirnar í sínum vörzlum í lengri tíma og getað hagnýtt sér þær án þess að greiða nokkuð fyrir. Af hálfu stefnanda er því mót-mælt, að framlagning hinna 50 mynda úr sendingunni hafi breytt nokkru um ábyrgð stefnda.

Sýknukrafa stefnda er í fyrsta lagi á því byggð, að hann sé ekki réttur aðili málsins. Hann hafi tekið að sér flutning á umræddum myndum frá Reykjavík til New York, en er þangað hafi verið komið, hafi myndirnar ásamt fylgiskjöllum verið afhentar amerísku afgreiðslufélagi í New York, Icelandic Airlines inc. Með þessu hafi stefndi innt af hendi skyldur sínar gagnvart stefnanda, en hið ameríska afgreiðslufirma tekið við sendingunni til endanlegrar afgreiðslu og hafi það því borið á henni alla ábyrgð. Er því haldið fram, að af þessum sökum beri stefndi enga ábyrgð á mistökum þeim, sem orðið hafi hjá hinu ameríska félagi, með því að afhenda sendinguna, án þess að fullnægt væri fyrirmælum stefnanda.

Þá er því haldið fram, að jafnvel þótt svo yrði litið á, að stefndi beri ábyrgð á mistökum starfsmanna hins ameríska afgreiðslufirma, þá sé með öllu ósannað, að stefnandi hafi af þessum sökum orðið fyrir nokkru tjóni. Myndirnar séu fyrir hendi og hafi verið boðnar stefnanda, en hann synjað viðtöku þeirra. Þá sé ósannað, að fyrirtækið Clairol hafi notað myndirnar, á meðan þær voru í vörzlum þess, enda er því haldið fram, að myndirnar séu svo stórgallaðar frá hendi stefnanda, að þær hafi verið óhæfar til notkunar í auglýsingaskyni. Þá er því haldið fram af hálfu stefnda, að krafa stefnanda sé allt of há og fari svo, að stefnda verði gert að greiða stefnanda bætur, þá beri að lækka kröfuna. Er bent á, að myndirnar beri það sjálfar með sér, að þær séu ekki fullgild vara og að þær séu alls ekki 50.000.00 króna virði, eins og gefið sé upp á farmskírteini. Er því haldið fram, að bætur geti aldrei orðið hærri en svo sem ákveðið er í 22. gr. Varsjársmningsins, sbr. lög nr. 41/1949.

Í 1. gr. skilmála flugfarmskírteinis þess, sem stefndi gaf út, er hann tók umrædda sendingu til flutnings, segir svo:

„Í samningi þessum merkir orðið „flugfarmskírteini“ skírteini þetta og samning, „sendandi“ merkir mann þann eða persónu (þ. e. félag eða fyrirtæki), sem vörurnar afhendir til flutnings, og orðið „flugfélag“ skal ná til flugfélags þess, er gefur flugfarmskírteini þetta út, svo og til allra flugfélaga, sem vörur flytja í samræmi við það eða inna af hendi önnur störf í sambandi við slíkan loftflutning. Að því er snertir ákvæði þau um undanþágu frá og takmörkun á bótaskyldu, sem sett eru eða vísað er til í samningi þessum, skal orðið „flugfélag“ ná til umboðsmanna, þjóna eða fulltrúa allra slíkra flugfélaga. Annist mörg flugfélög flutning, hvert á fætur öðru, samkvæmt

samningi þessum, skoðast flutningur einn og óskiptur.“

Á flugfarmskirteininu sjálfu er tekið fram, að sendingin skuli aðeins afhent viðtakanda gegn framvísun eintaks þess, sem merkt er nr. 2. Var þetta ákvæði flugfarmskirteinisins bindandi samningur um þetta efni milli aðiljanna. Samkvæmt þessu verður að telja, að stefndi beri gagnvart stefnanda ábyrgð á því, að starfsmenn fyrirtækisins Icelandic Airlines inc., sem stefndi hafði afhent umrædda sendingu til afgreiðslu í New York og inntu því af hendi störf í sambandi við loftflutninginn, brutu þetta ákvæði, er þeir afhentu sendinguna. Verður því að telja, að máli þessu sé rétt beint gegn stefnda.

Stefnandi krafði í upphafi Árna Jónsson um greiðslu fyrir umræddar myndir, en er Árni hafði uppi mótbárur byggðar á því, að myndirnar væru ekki nægilega góðar og því, að þær væru of dýrar, þá ákvað stefnandi að reyna að senda þær til fyrirtækisins Clairol, eins og áður er lýst. Verður að telja, að stefnanda hafi mátt vera ljóst, að vafi lék á, að fyrirtækið teldi sér skylt að greiða sendinguna og að það kynni að hafa uppi sömu mótbárur og Árni Jónsson, enda fór svo, að fyrirtækið neitaði að greiða sendinguna og taldi, að Árni Jónsson ætti að gera það.

Ábyrgð stefnda sem farmflytjanda er háð reglum þeim, sem ákveðnar eru í alþjóðasamningi um samræmingu nokkurra reglna varðandi loftflutninga milli landa, er gerður var í Varsjá hinn 29. október 1929, hér eftir nefndur Varsjár-samningur, en samningur þessi hefur öðlzt lagagildi hér á landi með lögum nr. 41/1949 sbr. og lög nr. 46/1956 og auglýsingu nr. 9/1963. Samkvæmt ákvæði 18. gr. samningsins er ábyrgð farmflytjanda takmörkuð við það, að varan eyðileggist, skemmist eða týnist, en samkvæmt 19. gr. ber farmflytjandi einnig ábyrgð á tjóni, sem verður vegna dráttar á flutningi. Það er fram komið, að áður en mál þetta var höfðað, hafi stefndi boðið stefnanda afhendingu á 56 af myndum þeim, sem í sendingunni voru og hann hafði endurheimt hjá fyrirtækinu Clairol. Stefnandi synjaði um viðtöku myndanna, og hafa þær síðan verið lagðar fram í málinu. Við munnlegan flutning málsins voru enn lagðar fram 44 myndir, sem voru í umræddri sendingu. Ekki er fram komið, að myndir þær, sem lagðar hafa verið fram, séu skemmdar eða ónýtar. Samkvæmt ábyrgðarreglum Varsjár-samningsins þykir stefndi eiga að bera ábyrgð á þeim hluta umræddrar sendingar, sem annað hvort er enn í vörzlum fyrirtækisins Clairol eða hef-

ur glatazt, en þar er um að ræða eina mynd. Það er fram komið, að stefnandi reiknar tvenns konar verð á myndum þeim, sem í sendingunni voru, kr. 450.00 og kr. 400.00. Eftir öllum atvikum þykir rétt að reikna verð myndar þeirrar, sem ekki hefur komið fram, á kr. 450.00, og verður stefnda gert að greiða þá fjárhæð. Þá verður stefnda og gert að greiða 7% ársvexti af þeirri fjárhæð frá 22. desember 1962 til greiðsludags. Eftir öllum atvikum þykir rétt, að málskostnaður falli niður.

Guðmundur Jónsson borgardómari kvað upp dóm þennan.

Dómsorð:

Stefndi, Loftleiðir h/f, greiði stefnanda, Elíasi Hannesyni, kr. 450.00 með 7% ársvöxtum frá 22. desember 1962 til greiðsludags. Málskostnaður fellur niður.

Dómi þessum ber að fullnægja innan 15 daga frá lögbirtingu hans að viðlagðri aðför að lögum.

Miðvikudaginn 9. febrúar 1966.

Nr. 6/1965.

Ákærvaldið

(Valdimar Stefánsson saksóknari ríkisins)

gegn

Herði Victorssyni

(Guðmundur Ingvi Sigurðsson hrl.).

Dóminn skipuðu hinir reglulegu dómara Hæstaréttar.

Skjalafals.

Dómur Hæstaréttar.

Í héraði var mál þetta höfðað gegn ákærða ásamt öðrum manni, en hefur verið áfrýjað til Hæstaréttar einungis að því er varðar ákærða, Hörð Victorsson.

Atvikum máls þessa er réttilega lýst í héraðsdómi, og er hæfileg refsing sú, fangelsi 4 mánuði, sem ákærða var þar ákveðin.